

Siglingaráð

1. fundur

Dags.: 30. nóvember 2017, kl. 13:00 til 15:10 í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Mættir: Ásbjörn Óttarsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Sigrún Árnadóttir (Hafnasamband Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Blængur Blængsson (Samskip), Örn Pálsson (Landssamband smábátæigenda), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Forföll: Guðjón Á. Einarsson (Félag skipstjórnamanna), Axel Helgason (Landssamband smábátæigenda) og J. Snæfríður Einarsdóttir (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi).

Gestir fundar: Sigurbergur Björnsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Sigurður Áss Grétarsson (Vegagerðin), Jón Bernódusson (Samgöngustofa) og Bjarni Sævarsson (Samgöngustofa).

Lagt var fram:

1. Fundargerð 15. fundar verkefnisstjórnar áætlunar um öryggi sjófarenda (send í tölvupósti).
2. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
3. Öryggi sjófarenda – Staða áætlunar 2017.
4. Áætlun um öryggi sjófarenda 2018.
5. Tilboð í gerð Apps fyrir eigin skoðun skipa. Stokkur Software ehf.

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

1. ÁÓ setti fundinn.
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
3. SB rifjaði upp þær breytingar sem hafa orðið vegna sameininga þ.e. að Siglingastofnun var lögð niður og breyttrar verkefnaskiptingar milli núverandi stofnana Samgöngustofu (stjórnsýsluhlutinn) og Vegagerðar (framkvæmdahlutinn). Samkvæmt lögum hefur ráðherra heimild til að skipa fagråd til ráðgjafar um samgöngumál. Um siglingar fjölluðu áður nokkur ráð sem höfðu mismunandi hlutverk gagnvart stjórnsýslu. Þar sem siglingamál, hafnamál og vitamál tengjast öll öryggi sjófarenda og mikið til sömu aðilar sem koma að þessum málum þótti skynsamlegt ráðstöfun að sameina þessi ráð og að sameina undir eitt nýtt fagråd sem heitir núna Siglingaráð. Í skipunarbréfi Siglingaráðs eru tiltekin helstu verkefni ráðsins en eðlilega mun verklag ráðsins mótast með tímanum t.d. að skipaðar verði undirnefndir innan ráðsins sem taki að sér að vinna að sérstökum málum/verkefnum, líkt og það verklag sem hefur þróast á árinu innan Verkefnisstjórnar um öryggi sjófarenda. Mikil þekking og reynsla er meðal fulltrúa sem ráðuneytið vill virkja og leitast til að styrkja samráð og samvinnu hagsmunaaðila og stjórnvalda. Með ráðinu einfaldast boðleiðir þar sem allir hagsmunaaðilar koma saman við eitt borð til að fjalla um tiltekin málefni. Ráðið mun koma að stefnumótunarvinnu, tillögum um verkefni í áætlunum um öryggismál sjófarenda, vera til ráðgjafar um stefnu og áherslur í samgönguáætlun, vera til leiðsagnar um forgangsröðun verkefna og stuðla að framkvæmd áætlana. Einnig munu breytingar á lögum og reglugerðum verða kynnt á þessum vettvangi og óskað eftir umsögnum. Kallað verður eftir umræðu vegna stefnumótunarvinnu, ráðstefnur og málfundir haldnir og fjallað verði um mál sem koma til afgreiðslu stjórnvalda þ.m.t. tillögur RNSA.
4. SÁG upplýsti um verkefni og starfsemi Vegagerðarinnar sem varðar hafnir, sjóvarnir og vita samkvæmt lögum en einnig kemur stofnunin að ýmsum öðrum verkefnum svo sem eftirliti og rannsóknnum m.a. ölduhæðarmælingum. SÁG sagði frá störfum gamla Hafnaráðsins sem kom m.a. að smíði laga og reglugerða, gerð Samgönguáætlunar, forgangsröðun verkefna og ákvörðun fjárveitinga. Hann sá fyrir sér að nýja Siglingaráðið komi að sömu málum en mætti til viðbótar

einnig taka að sér vitamálin og siglingamerki. Umræða var um GPS kerfi og leiðréttingakerfi en ákveðið hefur verið að leggja niður leiðréttingarkerfið enda mun fleiri GPS kerfi komin til sögunnar svo sem Galileo.

5. ÁLÁ velti upp spurningu hvort Siglingaráðið væri vettvangur til að koma málum áfram í stjórnslunni t.d. mál sem LHG hefur bent á svo sem siglingahættu af fiskeldiskvíum og kræklingarækt en þar þarf að fá samstarf við önnur ráðuneyti og fagstofnanir. SB sagði að Siglingaráð væri ráðgefandi fyrir ráðherra varðandi samgöngumálin og gæti sent honum ályktanir og áskoranir en ekki til annarra ráðuneyta eða undirstofnana þeirra. Umræða var um þessa hættu af illa merktum/auðkenndum kvíum og yfirgefnum kræklingaræktarsvæðum. JB sagði að þessi mál hafi verið tekin fyrir hjá Samgöngustofu.
6. SB sagði frá góðum undirtektum við ræðu sem Ragnhildur Hjaltadóttir hélt á aðalfundi IMO um árangur hér á landi í öryggismálum fiskiskipa og hafi hún hvatt til að Cape Town samningurinn verði útvíkkaður yfir á fiskiskipin. HS mælti með að ILO samþykkt varðandi fiskimenn sem hefur tekið gildi verði hið fyrsta innleidd hér á landi.
7. SÁ spurði um bryggjukanta og reglur um þær sem og aðrar reglur um öryggi í höfnum. Flestir kantar eru nú 20 cm. Almennt eru ekki bryggjukantar í höfnum erlendis en hér er ákveðin menningarmunur á þar sem hefð er fyrir því að aka um hafnasvæði til dægradvalar. Talin er þörf á að skoða reglurnar og gera áhættumat í höfnum.
8. BS tölvusérfræðingur Samgöngustofu sagði frá ástandi tölvukerfa stofnunarinnar. Í gangi hafa verið 3 mjög gömul kerfi, skipaskrá, lögskráningarkerfið og skirteinaútgáfa. Ákveðið hefur verið að sameina þau og smíða eitt nýtt kerfi í stað þeirra, undir heitinu Skipaskrá. Gerð var þarfagreining og fer nýja kerfið í útboð á næsta ári. Umræða var um kerfið og virðist það lofa góðu og hefur fengist fjárveiting til smíðinnar. ÁP spurði um aðkomu hagsmunaaðila þ.m.t siglingaráðs að þarfagreiningunni. Töldu menn hana geti verið betri og að gott væri ef þekking fulltrúa endanotenda nýtist best í þarfagreiningu og kröfulýsingu. Ákveðið var að BS sendi ÁP þarfagreininguna sem komi henni áfram til fulltrúa í Siglingaráði og ákveðið var að BS haldi vinnufund fund í Samgöngustofu fimmtudaginn 14. desember kl. 13:00.
9. Til umræðu voru teknar tillögur RNSA um RIB báta og yfirgaf HS fundinn á meðan. Fram kom að JB/Samgöngustofa væri að vinna í reglugerð um RIB báta. Ákveðið var að JB klári drög að reglugerðinni og fái álit RNSA og SAF á málinu. Reglugerðardrögin verði síðan lögð fyrir næsta fund Siglingaráðs. Siglingaráð mun skila umsögn sinni að fengnum þessum reglugerðardrögum.
10. ÁP kynnti verkefni og stöðu áætlunar 2017/2018. Ákveðið var að greiðslur vegna 215 (sjóveikiráðstefna) og Styrkir til hugvitsmanna 411 (Strandvari) verði færðar til ársins 2018 enda vantar kynningu á þessum verkefnum. Auglýsa þarf styrki til hugvitsmanna. Fram kom að samningur við N4 væri frágenginn. Heimild hefur fengist frá rekstrarskrifstofu ráðuneytisins til að um færslu fjármuna til þeirra verkefna sem hafa verið samþykkt en ekki lokið milli ára.
11. Umræða var um ráðstefnuna 20. apríl 2018. Ákveða þarf skráningarform og skráningargjald, og hvernig ráðstefnan verður auglýst.
12. Næsti fundur verður fimmtudaginn 11. janúar 2018 kl. 13:00 og verður boðaður með tölvupósti. IV ritaði fundargerð.